

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

20.febrúar 2019

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, 274. mál, 149. löggjafarþing 2018-2019.

Mannréttindaskrifstofa hefur fengið til umsagnar ofangreinda tillögu og fagnar að fram sé komin þingsályktunartillaga sem fjallar um stefnumótun í málefnum innflytjenda.

Mannréttindaskrifstofa vill koma eftirfarandi á framfæri:

Samkvæmt áherslum Evrópuráðs og fræðum um fjölbreytileika er lykillinn að aðlögun innflytjenda ekki einhliða aðlögun þar sem einn hópur aðlagast hinum. Enska hugtakið *integration* hefur oft verið þýtt sem gagnkvæm aðlögun, meðal annars af Rauða krossinum. Hún felur annars vegar í sér kröfu á innflytjendum um að laga sig að menningu nýja heimalandsins án þess að tapa sínum eigin menningarlega bakgrunni og hins vegar kröfu á nýja samfélagið, þar með talið stjórnsýsluna og þjónustu, að laga sig að komu og búsetu nýrra samfélagsþegna (PERCO, 2004).


Til að stefna, sem á að efla fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, skili árangri þarf gagnkvæm aðlögun að vera lögð til grundvallar. Það er tímabært að Ísland móti stefnu í málefnum innflytjenda byggða á þeirri hugmyndafræði.

Þróunarsjóður innflytjendamála er nefndur í tillögunni. Sjóðurinn á að fjármagna verkefni sem varða málefni innflytjenda og hefur til langs tíma oft verið eini möguleikinn til að reka frjáls félagasamtök sem sinna innflytjendamálum. Þessi sjóður má ekki koma í staðinn fyrir fjármögnun varanlegra aðgerða í innflytjendamálum sem eiga betur heima á föstum fjárlögum.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar fagnar því að megin áhersla í tillögunum er lögð á eflingu fólks af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi. Ef vel á að takast til er nauðsynlegt að bæta starfsemi Fjölmeningarseturs og tryggja upplýsingagjöf til innflytjenda á öllu landinu sérstaklega þar sem flestir innflytjendur velja að búa.

Menntun, atvinnuþátttaka og velferðarmál skipta höfuðmáli þegar aðlögun innflytjenda er annars vegar og getur tryggt þátttöku þeirra í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að festa ýmsar aðgerðir í lögum eins og fría íslenskukennslu fyrir innflytjendum og stuðning við móðurmálskennslu og virkt tvítyngi í grunnskólum en rannsóknir hafa sýnt að góð þekking í móðurmáli er grundvöllur þess að afla sér menntunar á öðru tungumáli.

Virðingarfyllst,



Anna Kristinsdóttir

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Heimildarskrá:

PERCO (2004). Cultural Diversity in your Organisation: Guidance for National Red Cross and Red Crescent Societies on Volunteering in Social Welfare Work, <https://www.ifrc.org/Global/Publications/migration/perco/perco-diversity-en.pdf>